

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2015, miðvikudaginn 25. febrúar kl. 09:08, var haldinn 97. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. eða Vindheimar. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Páll Hjaltason, Júlíus Vífill Ingvarsson, Áslaug María Friðriksdóttir, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir og Svavar Helgason áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Stefán Finnsson, Erna Hrönn Geirsdóttir, og Marta Grettisdóttir. Fundarritari var Örn Sigurðsson

Þetta gerðist:

(E) Umhverfis- og samgöngumál

1. **Fjölskyldugarðar**, næstu skref Mál nr. US140191
(USK2014110007)

Kynnt tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 21. október 2014 varðandi næstu skref í rekstri fjölskyldugarða Reykjavíkur. Einnig er lögð fram bókun hverfisráðs Grafarvogs frá 18. nóvember 2014 og bókun hverfisráðs Hlíða dags. 21. nóvember 2014.
Kynnt.

Gísli Garðarsson tekur sæti á fundinum kl. 9:17.

Þórólfur Jónsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. **Gististaðir**, kynning Mál nr. US150052

Kynning Heilbrigðiseftirlitsins Reykjavíkur varðandi ábendingar og kvartana sem borist hafa vegna gististaða Reykjavíkur.
Kynnt

Áheyrnarfulltrúi Pírata Svavar Helgason bókar:

Fulltrúi Pírata bókar að það sé nauðsyn að efla eftirlit með því að lögum um íbúðagistingu sé framfylgt og þar sem verði vart við brot verði leitast eftir að fá starfsleyfum svipt.

Aron Jóhannesson heilbrigðisfulltrúi tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(F) Framkvæmdir og frumathuganir

3. **Malbiksframkvæmdir í Reykjavík**, Mál nr. US150050
kynning

Lagt fram og kynnt yfirlit umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofa framkvæmda og viðhalds dags. 1. febrúar 2015 um malbiksframkvæmdir í Reykjavík 2015.
Kynnt

Lögð fram eftirfarandi tillaga umhverfis- og skipulagsráðs ásamt greinargerð.

Umhverfis- og skipulagsráð leggur til við borgarráð að fjárveiting til malbiksframkvæmda á árinu 2015 verði aukin um allt að 150 mkr. Þetta er til að mæta þeirri brýnu þörf sem sem upp er komin og kemur í ljós nú þegar gatnakerfið „kemur undan vetri. Hækkun á fjárveitingu til

malbiksframkvæmda valdi ekki breytingu á niðurstöðu fjárhagsáætlunar heldur verði um flutning á fjárheimildum innan heildaráætlunar að ræða.

Greinargerð:

Veðurfarslegar aðstæður nú í vetur hafa valdið miklu tjóni á gatnakerfi borgarinnar. Þá er einnig ljóst að á árunum eftir hrun hefur verið dregið úr malbiksframkvæmdum auk þess sem fjárveitingar til þeirra hafa lækkað verulega að raunvirði vegna lækkunar á gengi krónunnar. Framundan í mars og apríl er úttekt á ástandi gatnakerfisins og mat á viðhalds- og endurnýjunarþörf. Það er þó ljóst að aukins fjármagns er þörf þrátt fyrir að nú þegar í fjárfestingaráætlun ársins 2015 sé um að ræða hækkun um 100 mkr frá fyrra ári.

Tillaga umhverfis- og skipulagsráðs ásamt greinargerð samþykkt.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson bókar

Stefna sem tekin var upp á fyrsta fjárhagsári Samfylkingar og Besta flokks þar sem dregið var verulega úr framlögum til malbiksframkvæmda hefur skilað sér í ástandi gatna sem ekki verður við unað. Nú dugir bersýnilega ekki venjulegt viðhald heldur þarf stórkostlegt átak sem mun kosta borgarbúa miklu meira heldur en ef árlegt viðhald hefði verið eðlilegt. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks styðja aukin framlög til malbiksframkvæmda enda verður ekki hjá því komist að bregðast við með skjótum hætti. Eðlilegt hefði verið að með tillögunni fylgdu jafnframt tillögur um sparnað á móti. Augljósasti sparnaðurinn er að hætta við tilgangslausa þrengingu Grensásvegar en áætlaður kostnaður vegna þrengingar vegarins á milli Miklubrautar og Bústaðarvegar eru kr. 160 milljónir.

Fulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir bókar:

Fulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina leggur til að það fjármagn sem meirihlutinn vill nota til þrengingar Grensásvegar verði notað í malbikunarframkvæmdir

Fulltrúi Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson, fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir og fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísli Garðarsson og áheyrnarfulltrúi Pírata Svafar Helgason bóka:

Fulltrúar Bjartrar framtíðar, Pírata, Samfylkingar og Vinstri Grænna benda á að niðurskurður til viðgerða á götum borgarinnar hófst á fjárhagsárinu 2009, þegar Sjálfstæðisflokkurinn leiddi borgarstjórnina. Þá voru útgjöld til viðgerða skorin verulega niður eða úr 690 milljónum króna í 480 milljónir að núvirði. Eða um 30%. Fyrir því voru góðar og gildar ástæður. Tekjur borgarinnar höfðu minnkað um 20%. Það hafði ekki breyst fjárhagsárið 2011. Við bendum enn fremur á að nú stefnir í að útgjöld til gatnaviðverða 2015 verða 690 milljónir króna. Það er jafnhá upphæð og 2008 að núvirði

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson bókar

Árið 2011 var fyrsta fjárhagsár meirihluta Samfylkingar og Besta flokks. Framlög til viðhalds á malbiki voru lækkuð um 37% árið 2011 miðað við árið áður en voru hækkuð á milli áranna 2009 og 2010 í tíð Sjálfstæðisflokksins.

Ámundi V. Brynjólfsson skrifstofustjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Gatnalýsing**, Hvað er framundan

Mál nr. US150051

Lögð fram greinargerðin umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofa framkvæmda og viðhalds dags. 1. febrúar 2015 um framtíð götulýsingar í Reykjavík.
Kynnt

Jóhann S D Christiansen verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(A) Skipulagsmál

5. **Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**, fundargerð Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 20. febrúar 2015.

Áslaug María Friðriksdóttir vikur af fundi kl. 10:56

6. **Holtavegur 8-10/Vatnagarðar 38**, (01.407.9) Mál nr. SN140503
breyting á deiliskipulagi
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík
540400-2290 ALP hf., Vatnsmýrarvegi 10, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn ALP hf. dags. 26. september 2014 varðandi breytingu á deiliskipulagi Holtavegar 8-10. Í breytingunni felst breyting á mörkum deiliskipulags og nýta lóðina að Vatnagörðum 38 undir þjónustuhús og athafnasvæði fyrir bílaleigu, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 5. desember 2014. Tillagan var auglýst frá 5. janúar til og með 17. febrúar 2015. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir: Vegagerðin dags. 16. febrúar 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2015.
Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2015.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir tekur sæti á fundinum kl. 11:11

7. **Kirkjusandur 2, Íslandsbanki**, breyting (01.345.1) Mál nr. SN150109
á deiliskipulagi
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Lögð fram til kynningar umsókn Ask arkitekta ehf. f.h. lóðarhafa dags. 20. febrúar 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands vegna lóðarinnar nr. 2 við Kirkjusand. Í breytingunni felst uppbygging á reitnum þar sem áhersla er lögð á blandaða byggð atvinnu- og íbúðahúsnæðis í samræmi við markmið aðalskipulags Reykjavíkur.
Fulltrúar ASK arkitekta Páll Gunnlaugsson arkitekt, Gunnar Örn Sigurðsson arkitekt og Þorsteinn Helgason arkitekt, fulltrúi Íslandsbanka Bjargey Björgvinsdóttir og fulltrúi Eflu Verkfræðistofu Bryndís Friðriksdóttir kynna.

8. **Suður Mjódd**, breyting á deiliskipulagi (04.91) Mál nr. SN140617
530214-0870 Teiknistofan Stórð ehf., Laugavegi 168, 105 Reykjavík

Kynnt drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs varðandi breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Reykjanesbraut til vesturs, Breiðholtsbraut til norðurs, Skógarseli til austurs og jaðri íbúabyggðar við Þverársel og bæjarmörkum að Kópavogi til suðurs. Í breytingunni felst heildarendurskoðun á eldra deiliskipulagi frá 2008. samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Stórð ehf. dags. 15. febrúar 2015. Einnig er lögð fram greinargerð Teiknistofunnar Stórð ehf. dags. 14. nóvember 2014.

Jafnframt er lögð fram umsögn Íprótta og tómstundaráðs dags. 19. desember 2014 og umsögn Velferðarsviðs dags. 3. febrúar 2015.
Hermann Georg Gunnlaugsson landslagsarkitekt kynnir

Páll Hjaltason vísar af fundi kl. 11:51.

9. **Borgartún 28**, breyting á deiliskipulagi (01.230.1) Mál nr. SN140139
621097-2109 Zeppelin ehf, Skeifunni 19, 108 Reykjavík
690612-0970 HEK ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 16. október 2014 þar sem gerðar eru athugasemdir og sveitarstjórn bent á að taka athugasemdir til umræðu samkv. l.mgr. 42. gr. skipulagslaga. Einnig er lagður fram uppdráttur Zeppelin arkitekta dags. 25. mars 2014, lagfærður 20. febrúar 2015.

Fulltrúi Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson, fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir og fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísli Garðarsson greiða atkvæði með þeim lagfæringum sem fram koma á uppdrætti skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2014 lagfærðum 20. febrúar 2015.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir og fulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir greiða atkvæði á móti.

Lagfæring að ósk Skipulagsstofnunar felld á jöfnum atkvæðum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir bóka:

Í bréfi Skipulagsstofnunar vegna deiliskipulags Borgartúns 28 – 28a segir: „Fram kemur í athugasemdum að hagsmunaaðilar telja að skort hafi á samráð við undirbúning deiliskipulagsbreytingarinnar. Mikil uppbygging er og hefur verið við Borgartún og á aðliggjandi svæðum og við slíkar aðstæður telur Skipulagsstofnun sérstaklega mikilvægt að haft sé samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila umfram það sem lágmarkskröfur skipulagslaga um auglýsingu deiliskipulagsbreytinga kveða á um, sbr. sjónarmið um vandaða stjórnsýsluhætti“. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í umhverfis- og skipulagsráði lögðu fram tillögu í ráðinu 14. ágúst 2014 um að fundað verði með íbúum og öðrum hagsmunaaðilum áður en deiliskipulagstillagan yrði tekin til afgreiðslu. Þá tillögu felldu fulltrúar Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna án nokkurra athugasemda frá fulltrúa Pírata sem er áheyrnafulltrúi. Fulltrúar sömu flokka ákváðu að halda fund um Borgartúnið og nágrenni eftir að deiliskipulagsbreytingin hafði verið afgreidd og sá fundur fjallaði ekki sérstaklega um deiliskipulagsbreytingar á Borgartúni 28 - 28 a. Sá fundur hafði þess vegna ekkert vægi og með þá megnu óánægju sem þar kom fram hefur ekkert verið gert. Á fundi borgarstjórnar 16. september s.á. gagnrýndu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks vinnubrögð meirihlutans harðlega. Með tilliti til athugasemda Skipulagsstofnunar skulda þeir fulltrúar sem höfðu samráði íbúum afsökunarbeiðni.

Fulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir bókar:

Fulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina fagnar því að athugasemdir Skipulagsstofnunar séu lagðar fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs og breyttur uppdráttur til samþykktar. Framsókn og flugvallarvinir greiddu atkvæði gegn breytingu á deiliskipulaginu og er afstaða til þess óbreytt. Skipulagsstofnun telur sérstaklega mikilvægt að haft sé samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila umfram

lágmarkskröfur skipulagslaga um auglýsingu sbr. sjónarmið um vandaða stjórnsýsluhætti. Meirihluti borgarstjórnar, þ.e. Samfylking, Vinstri græn, Björt framtíð og Píratar, voru ekki sömu skoðunar enda virti meirihlutinn að vettugi fjöldamargar athugasemdir sem bárust vegna breytinga á deiliskipulaginu og höfðu því að halda upplýsinga- og samráðsfund vegna breytinganna áður en deiliskipulagið var afgreitt. Eru slík vinnubrögð óásættanleg og ekki í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti eins og Skipulagsstofnun bendir réttilega á.

Vísað til borgarráðs.

10. **Hamrahlíð 2, Hlíðaskóli**, breyting á (01.730.0) Mál nr. SN150108
deiliskipulagi

Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar dags. 19. febrúar 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Hamrahlíð, Hlíðaskóli. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir færanlegar kennslustofur norðan núverandi íþróttahúss fyrir frístundastarf, samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 18. febrúar 2015.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Jón Kjartan Jónsson verkefnisstjóri og Rúnar Gunnarsson deildarstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

11. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa**, Mál nr. BN045423
Fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 816 frá 24. febrúar 2015.

12. **Hafnarstræti 17, Hótel - veitingarekstur** (01.118.502) Mál nr. BN048060
501298-5069 Sjöstjarnan ehf., Rafstöðvarvegi 9, 110 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. febrúar 2015 þar sem sótt er um leyfi til að byggja hótel í flokki V með 50 herbergjum úr steinsteypu með mansardþaki sem verður tengt við nýbyggingu á lóðinni Hafnarstræti 19, norðan og vestan við verndað timburhús sem fyrir er á lóð og verður endurbyggt í upprunalegri mynd með hótelherbergjum á efri hæðum og morgunverðasal í hlöðnum steinkjallara, á lóð nr. 17 við Hafnarstræti. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2015 og umsögn Minjastofnunar dags. 23. febrúar 2015.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. október 2014 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2014. Einnig fylgir greinargerð vegna hljóðvistar dags. í nóvember 2014, brunahönnun frá Mannvit dags. 2. febrúar 2015, útreikningur á varmatapi dags. 3. febrúar 2015, skýrsla um ástandsskoðun og prófanir frá Mannvit dags. 22. janúar 2015, minnisblöð frá verkfræðistofunni Hnit dags. 8. apríl, 18. júlí, 18. nóvember og 21. og 27. nóvember 2014 og 20. janúar 2015, umsagnir Minjastofnunar Íslands dags. 9. september og 4. desember 2014 og 12. janúar og 9. febrúar 2015, bréf frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 3. febrúar 2015 og bréf frá verkfræðistofunni Hnit dags. 9. febrúar 2015 fylgja erindi. Áður samþykkt niðurrif: xx ferm., xx rúmm. Stækkun: XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 9.500

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2015 gerir umhverfis- og skipulagsráð ekki athugasemdir við erindið
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Margrét Pormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(C) Fyrirspurnir

13. **Austurhöfn reitur 1**, (fsp) breyting á (01.11) Mál nr. SN150051
skilmálum
450314-0210 Landstólpar þróunarfélag ehf., Grófinni 1, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Landstólpa þróunarfélags ehf. dags. 26. janúar 2015 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Austurhafnar, sérákvæðis um byggingar á reit 1.
Fulltrúar PK. arkitekta Pálmar Kristmundsson arkitekt og Fernando de Mendonça arkitekt, og fulltrúi Stólpa Gísli Steinar Gíslason kynna

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

14. **Lindargata 28-32**, (fsp) bílastæði (01.152.4) Mál nr. SN140619
510412-0950 Fjeldsted & Blöndal lögman slf., Ármúla 17, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf Fjeldsted og Blöndal lögmannsstofu f.h. lóðarhafa Lindargötu 28-32 dags. 20. nóvember 2014 varðandi bílastæðamál á lóðinni.
Frestað

15. **Laugavegur 30B**, (fsp) aukning á (01.172.2) Mál nr. SN140655
byggingarmagni
200362-6409 Hildur Bjarnadóttir, Hofteigur 20, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Hildar Bjarnadóttur dags. 3. desember 2014 varðandi aukningu á byggingarmagni lóðarinnar nr. 30B við Laugaveg samkvæmt uppdráttum dags. 25. nóvember 2014. Einnig er lögð fram umsögn Orkuveitu Reykjavíkur dags. 10. febrúar 2015.
Frestað

16. **Háaleitisbraut 66**, (fsp) bygging (01.727.1) Mál nr. SN150100
skrifstofu og þjónustuhús
530194-2489 Kirkjumálasjóður, Laugavegi 31, 150 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Kirkjumálasjóðs dags. 13. febrúar 2015 um að byggja skrifstofu- og þjónustuhús fyrir starfssemi Kirkjuhússins/Biskupstofu við Grensáskirkju- og safnaðarheimili á lóð nr. 66 við Háaleitisbraut, samkvæmt ódags. skissu. Einnig er lagt fram bréf sviðsstjóra lögfræði- og fasteignasviðs Biskupstofu dags. 13. febrúar 2015.
Frestað.

(D) Ýmis mál

17. **Sævarhöfði 33**, starfsleyfi Björgunar Mál nr. US150049

Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 18. febrúar 2015 þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagsráðs um hve lengi mögulegt er að fyrirtækið Björgun ehf. starfi að Sævarhöfða 33.
Frestað.

18. **Þjónusta sveitarfélaga 2014, verkefni umhverfis- og skipulagssviðs**, Mál nr. US150048

Kynning á niðurstöðum könnunar út frá verkefnum umhverfis- og skipulagssviðs.

Fulltrúi capacent Þórhallur Ólafsson kynnir.

Gunnar Hersveinn Sigursteinsson sérfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið

19. **Fyrirspurn fulltrúa** Mál nr. US150046
Sjálfstæðisflokksins vegna ástand vega,

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 18. febrúar 2015 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn.

"Gatnakerfi borgarinnar er mjög illa farið. Víða eru djúpar holur í malbiki sem skapa hættur í umferðinni og valda ökumönnum fjárhagslegu tjóni. Ljóst er að staðan er verri en nokkur dæmi eru um og ekki verður hjá því komist að grípa til aðgerða án tafar enda virðist ástandið versna dag frá degi. Hvernig verður brugðist við?" Einnig er lagt fram minnisblað umhverfis- og skipulagssviðs, framkvæmdir dags. 23. febrúar 2015.

Frestað.

20. **Gunnarsbraut 30**, kæra 14/2015 (01.247.1) Mál nr. SN150110
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 19. febrúar 2015 ásamt kæru þar sem kærð er synjun umsóknar um leyfi fyrir viðbyggingu, byggingu tvennra svala á suðvesturhlíð, breyta innra skipulagi og breyta í tvíbýlishús, fjölbýlishúsi á lóð nr. 30 við Gunnarsbraut.

Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

21. **Grettisgata 62**, kæra 15/2015 (01.190.1) Mál nr. SN150111
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 20. febrúar 2015 ásamt kæru þar sem kært er byggingarleyfi vegna viðbyggingar og svala á annarri og þriðju hæð, fyrir lóð nr. 62 við Grettisgötu.

Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

Magnea Guðmundsdóttir vikur af fundi kl. 15:51.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:10

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Gísli Garðarsson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Júlíus Vífill Ingvarsson
Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2015, þriðjudaginn 24. febrúar kl. 10:28 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 816. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Jón Hafberg Björnsson, Eva Geirsdóttir, Björn Kristleifsson, Björn Stefán Hallsson, Sigrún Reynisdóttir, Erna Hrönn Geirsdóttir og Óskar Torfi Þorvaldsson

Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Aðalstræti 16** (01.136.506) 100596 Mál nr. BN048910
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta tímabundið föndurrými fyrir skólabörn inn af sýningarskála á meðan fjölnotarými er nýtt til handritasýningar í sýningarskála í kjallara húss á lóð nr. 16 við Aðalstræti.
Meðfylgjandi er minnisblað yfir eldvarnir dags. 30.1. 2015.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.
- Arnarholt 221217** (32.161.101) 221217 Mál nr. BN048436
540169-3229 Fylkir ehf., Dugguvogi 4, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta 14 einstaklingsherbergjum í starfsmannahúsi í sjö íbúðir í mhl. 04, en fyrir eru fjórar íbúðir þannig að byggingin verður fjölbýlishús með 11 íbúðum, mhl. 04, einnig er sótt um að byggja sorpgerði og hjóla- og vagnageymslu, mhl. 10 og mhl. 11, við fjölbýlishúsið á Arnarholti með landnúmer 221217.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. febrúar 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. febrúar 2015.
Gjald kr. 9.500
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
- Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr. BN048897
660805-1250 Harpa tónlistar- og ráðste ohf., Austurbakka 2, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi veitingastaða í anddyri 1. hæðar, breyta fyrirkomulagi flóttaleiða, staðsetningu brunaslöngu og brunahólfandi glerveggjum við stiga á sýningasvæði á 3- 4- 5. hæð austurhlíð byggingar og breyta bar og fatahengi í veitingastað 4. hæðar í Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda heilbrigðiseftirlits á umsóknarblaði.
- Austurberg 1** (04.667.804) 216080 Mál nr. BN048874
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að lengja þegar byggða áhorfendapalla um eina einingu til norðurs, byggja fréttamannastúku og tvö varamannaskýli við keppnisvöll Leiknis á lóð nr. 1 við Austurberg.
Stærðir: Fréttamannastúka mhl. 04, 36,2 ferm., 91,4 rúmm.
Varamannaskýli 05, 15,8 ferm., mhl. 06, 15,8 ferm.
Gjald kr. 9.823
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 73/1997.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að

viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

5. **Austurstræti 5** (01.140.212) 100833 Mál nr. BN048883
480173-0159 Drífa ehf, Suðurhrauni 12c, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, koma fyrir hringstiga milli 1. hæðar og kjallara, klæða gluggakerfi koparáfellum og innrétta verslun á 1. hæð og í kjallara verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 5 við Austurstræti.
Gjald kr. 9.500
Frestað.
Vísad til athugasemda vinnueftirlits á umsóknarblaði.
6. **Ásholt 2** (01.242.005) 103030 Mál nr. BN048853
530391-1089 Ásholt 2, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að fá húsvarðaraðstöðu samþykkt sem séreign 01-0103 í húsinu á lóð nr. 2 við Ásholt.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. febrúar 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2015.
Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. **Barónsstígur 28** (01.190.314) 102447 Mál nr. BN048209
110990-3089 Brynjar Kristinsson, Lækjarfit 11, 210 Garðabær
010485-2319 Eypór Ingi Kristinsson, Lækjarfit 11, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að byggja fjölbýlishús úr steiptum samlokueiningum, fjórar hæðir og kjallara með átta íbúðum á lóð nr. 28 við Barónsstíg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. október 2014 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. október 2014 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 4. febrúar 2015.
Jafnframt er erindi BN047706 dregið til baka.
Niðurriif/flutningur: xx ferm., xx rúmm.
Stærð: Kjallari 84,7 ferm., 1., 2. og 3. hæð 81 ferm., 4. hæð 78,3 ferm.
Samtals: 406 ferm., 1.287 rúmm.
Gjald kr. 9.500
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
8. **Borgartún 35-37** (01.219.102) 186012 Mál nr. BN048777
440990-2079 Hlutdeild, deild vinnudeilusjóðs, Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að leggja matsal á 6. hæð niður og innrétta hæðina sem skrifstofuhæð fyrir 12 starfsmenn og nýta fundarsalinn á 1. hæð líka sem matsal í húsi nr. 35 á lóð nr. 35-37 við Borgartún.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
9. **Búðavað 9-11** (04.791.803) 209906 Mál nr. BN048530
231260-7069 Guðmundur Þórður Guðmundsson, Búðavað 11, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta herbergjaskipan í kjallara, koma fyrir arni í stofu, færa tröppur frá húsi og koma fyrir heitum potti við hús nr. 11 á lóð nr. 9-11 við Búðavað. Meðfylgjandi er samþykki meðeigenda á lóð og nágranna, sem og sérteikning af reykroori.

Gjald kr. 9.500

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.

10. **Dunhagi 18-20** (01.545.113) 106483 Mál nr. BN048868
510209-0440 D18 ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til breytinga innanhúss sem felast í því að fjölga íbúðum á 2. og 3. hæð úr fjórum í tíu á hvorri hæð, breyta innréttingum verslunarrýmis á 1. hæð, breyta kjallara með geymslum og þvottahúsum og færa sorpgeymslur og barnavagna- og hjólageymslur út í tvær einingar í bílskúr, sbr. erindi BN043923 samþykkt 14. febrúar 2012 og BN044484 samþ. 12. júní 2012, við fjölbýlishús á lóð nr. 18-20 við Dunhaga. Meðfylgjandi er umsögn samgöngustjóra dags. 19.2. 2015.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
11. **Eddufell 2-8 bílast.** (04.683.009) 112307 Mál nr. BN048916
580293-3449 Rok ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN047326, íbúðum fjölga úr 19 í 24, stigahús er fært og hönnun breytt á lóð nr. 2-8 við Eddufell.
Stækkun frá áður samþykktu erindi: 23,2 ferm., 58,5 rúmm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
12. **Einholt 2** (01.244.101) 103179 Mál nr. BN048749
480402-2430 Stay ehf, Einholti 2, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta gistiheimili í flokki II með níu gistirýmum sem verður rekið í tengslum við gistiheimili sem fyrir er á lóð (í mhl. 01) og til að byggja svalir á suðurgafli 3. hæðar og á austurhlið 2. og 3. hæð húss á lóð nr. 2 við Einholt.
Jafnframt er erindi BN048198 dregið til baka.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
13. **Fákafen 11** (01.463.402) 105679 Mál nr. BN048804
600804-2350 Fákafen ehf., Fákafeni 11, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir gististað í flokki II, tegund c - gistiskáli - tímabundið á sumrin þar sem tónlistarskóli og salur er á veturna í rými 0201 sbr. fyrirspurn BN048227 sem fékk jákvæða umsögn 30. september 2014 í húsi á lóð nr. 11 við Fákafen.
Meðfylgjandi er bréf hönnuðar dags. 27. janúar 2015.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
14. **Fákafen 11** (01.463.402) 105679 Mál nr. BN048803
570791-1099 Húsfélagið Fákafeni 11, Fákafeni 11, 108 Reykjavík
420908-1560 ÞEJ fasteignir ehf, Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík
Sótt er um samþykki á áður gerðum breytingum og fjölgun eigna í húsi á lóð nr. 11 við Fákafen.
Meðfylgjandi er tölvupóstur dags. 12. október 2012, bréf hönnuðar dags. 27. janúar 2015, og annað dags. 13. febrúar 2015.
Gjald kr. 9.823
Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

15. **Frakkastígur 8** (01.172.109) 101446 Mál nr. BN048776
500613-0170 Blómaþing ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja 3. áfanga Frakkastígsreits, að byggja nýbyggingu á Laugavegi 41B sem í verður sameiginlegt stiga- og lyftuhús, rífa stigahús á bakhlið Laugavegs 43, stækka til norðurs og hækka þak á norðurhlið, setja kvisti á Laugaveg 45, tengja efri hæðir Laugavegs 43 og 45 við nýbyggingu og innrétta skrifstofur á efri hæðum og verslanir á jarðhæðum á lóð nr. 8 við Frakkastíg.
Samtals 3. áfangi: 1.429,1 ferm., 4.426,8 rúmm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
16. **Freyjubrunnur 2-8** (02.695.801) 205737 Mál nr. BN048894
070576-5389 Heimir Arnar Birgisson, Freyjubrunnur 6, 113 Reykjavík
Sótt er um samþykki fyrir breyttu innra skipulagi á 1. hæð v/lokaúttektar, sjá erindi BN035324, í raðhúsi nr. 6 á lóð nr. 2-8 við Freyjubrunn.
Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
17. **Friggjarbrunnur 14-16** (05.053.703) 205897 Mál nr. BN048890
541201-4830 Dalhús ehf., Ögurvharf 6, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN045282, íbúðum er fjölgað um eina og einu bílastæði bætt við á lóð fjölbýlishúss á lóð nr. 14-16 við Friggjarbrunn.
Stækkun: 8,8 ferm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
18. **Friggjarbrunnur 18** (05.053.502) 205910 Mál nr. BN048703
450997-2779 Bygg Ben ehf., Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt fjölbýlishús, þrjár hæðir og kjallara með sjö íbúðum og bílgeymslu á lóð nr. 18 við Friggjarbrunn.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. febrúar 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. febrúar 2015, greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 20. janúar 2015 og útreikningur á orkuramma dags. 17. desember 2014.
Stærð: Kjallari 208,5 ferm., 1. hæð 238,7 ferm., 2. hæð 232,1 ferm., 3. hæð 137,1 ferm.
A-rými samtals: 816,4 ferm., 2.393,4 rúmm.
B-rými (þ.m.t. bílgeymsla): 160,8 ferm.
Samtals 977,2 ferm., 2.668,4 rúmm.
Gjald kr. 9.500
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
19. **Grensásvegur 12** (01.295.406) 103853 Mál nr. BN048915
440612-1050 Hraunbrekka ehf., Fýlshólum 6, 111 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja inndregna 4. hæð og innrétta 24 íbúðir á 2. 3. og 4. hæð og innrétta 6 íbúðir í mhl. 02 á lóð nr. 12 við Grensásveg.
Stækkun 717,8 ferm., xx rúmm.
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

20. **Grettisgata 36** (01.190.008) 102346 Mál nr. BN048763
 221267-3979 Orri Vésteinsson, Grettisgata 36, 101 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til breytinga á erindi BN046987, dags. 21.1. 2015, sem felst í að bæta salerni við í kjallara og flytja aðalinngang á vesturgafli einbýlishússins á lóð nr. 36 við Grettisgötu.
 Meðfylgjandi er bréf arkitekts dags. 16.1. 2015, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 9.1. 2015 og umsögn Borgarsögusafns dags. 9.1. 2015.
 Stækkun 5 ferm.
 Gjald kr. 9.823
Frestað.
Samkvæmt gögnum embættisins er lágmarksgjald ógreitt.
21. **Grettisgata 52** (01.190.108) 102383 Mál nr. BN047882
 090861-3609 Brynjar Harðarson, Stigahlíð 78, 105 Reykjavík
 501105-2280 SV 50 ehf., Pósthólf 8741, 128 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að skrá sem "ósamþykkt á íbúð" áður gerða íbúð í rými 0001 í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 52 við Grettisgötu.
 Erindi fylgir samþykki meðeigenda á teikningum, þinglýst afsal dags. 5. maí 1997, íbúðarskoðun dags. 18. september 2014 og virðingargjörð dags. 18. nóvember 1976.
 Gjald kr. 9.500 + 9.500
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
22. **Grundarstígur 4** (01.183.305) 101957 Mál nr. BN042348
 031144-2569 Einar Ólafur Valdimarsson, Stakkahlíð 17, 105 Reykjavík
 640697-2459 Verslunin Þingholt ehf, Stakkahlíð 17, 105 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að breyta verslunarhúsnæði í íbúð og loka gati yfir í fyrrverandi sambyggða verslun á lóð nr. 2a á 1. hæð í húsi á lóð nr. 4 við Grundarstíg.
 Meðfylgjandi er ódags. bréf hönnuðar.
 Gjald kr. 7.700
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
23. **Hafnarstræti 17** (01.118.502) 100098 Mál nr. BN048060
 501298-5069 Sjöstjarnan ehf., Rafstöðvarvegi 9, 110 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að byggja hótél í flokki V með 50 herbergjum úr steinsteypu með mansardþaki sem verður tengt við nýbyggingu á lóðinni Hafnarstræti 19, norðan og vestan við verndað timburhús sem fyrir er á lóð og verður endurbyggt í upprunalegri mynd með hótélherbergjum á efri hæðum og morgunverðasal í hlöðnum steinkjallara, á lóð nr. 17 við Hafnarstræti.
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. október 2014 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2014.
 Einnig fylgir greinargerð vegna hljóðvistar dags. 1. nóvember 2014, brunahönnun frá Mannvit dags. 2. febrúar 2015, útreikningur á varmatapi dags. 3. febrúar 2015, skýrsla um ástandsskoðun og prófanir frá Mannvit dags. 22. janúar 2015, minnisblöð frá verkfræðistofunni Hnit dags. 8. apríl, 18. júlí, 18. nóvember og 21. og 27. nóvember 2014 og 20. janúar 2015, umsagnir Minjastofnunar Íslands dags. 9. september og 4. desember 2014 og 12. janúar og 9. febrúar 2015 og 23. febrúar 2015, bréf frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 3. febrúar 2015 og bréf frá verkfræðistofunni Hnit dags. 9. febrúar 2015, Bréf frá hönnuði dags. 19. febrúar 2015 fylgja erindi.
 Áður samþykkt niðurrif: 225,2 ferm., 686,9 rúmm.
 Stækkun: 1439,9 ferm., 4990,4 rúmm.
 Gjald kr. 9.500
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
Er til umfjöllunar hjá skipulagsfulltrúa.

24. **Hafnarstræti 19** (01.118.503) 100099 Mál nr. BN048059
501298-5069 Sjöstjarnan ehf., Rafstöðvarvegi 9, 110 Reykjavík
